

starfsafl

starfsmennt  
samtaka atvinnulífsins  
og flóabandalagsins

# Starfsafl

Ársskýrsla  
2014



STARFSMENNTA  
VERÐLAUNIN  
2010



Training Partner  
for SMEs



Lifelong  
Learning  
Programme



EFLING  
STYRISBÚÐLAG



VS FK



SA

---

## Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit starfsins 2014	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2014	12
4. Vinnufundur stjórnar 2014	16
5. Starfsáætlun Starfsafls 2014	17
6. Fjárhagur Starfsafls	18
6.1 Rekstur 2014 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2015	

*Ársreikningar fylgja í sérhefti.*

## 1. Yfirlit starfsins 2014

Tekjur sjóðsins af iðgjöldum árið 2014 jukust um 55% vegna hækkaðra iðgjalda í ársbyrjun og betra atvinnustigs. Sjóðurinn var rekinn með 36,5 m.kr hagnaði eftir taprekstur undanfarinna 5 ára. Enn jókst fjöldi veittra einstaklingsstyrkja til félagsmanna aðildarfélaganna sjóðsins en aukningin var minni en áður. Árið var metár í sögu sjóðsins hvað snertir úthlutun styrkja og er það mjög ánægjulegt.

Einstaklingsstyrkir árið 2014 voru 2.729 og jukust um 8% frá árinu 2013. Aldrei áður í hafa jafnmargir styrkir verið veittir til einstaklinga. Styrkumsóknnum frá fyrirtækjum fjölgaði um 57% frá árinu 2013 sem er mikið ánægjuefni. Greiddum styrkjum til fyrirtækja fjölgaði um 40% og heildarupphæð fyrirtækjastyrkja jókst einnig um tæp 10%. Sjóðurinn hefur dregið úr styrkjum til námsefnisgerðar og hefur beitt reglu um hámarksgreiðslu á kennda klukkustund um nokkurt skeið. Fleiri starfsmenntasjóðir koma nú að verkefninu Fræðslustjóri að láni þannig að dregið hefur úr framlögum Starfsafls til verkefnisins, til lengri tíma litið. Betur má ef duga skal og enn er lögð mest áhersla á að auka fyrirtækjastyrki sjóðsins. Kynningarátak er fyrirhugað árið 2015 sem sjóðurinn mun leggja verulegt fé í.

Starfsafl nýtti sér styrki frá Menntaáætlun ESB á árinu og er það sjóðnum mikil hvatning til að halda áfram að leita nýjunga, læra af öðrum þjóðum og bæta þjónustu sjóðsins. ESB styrkirnir skiluðu um 1 m.kr nettó inn í rekstur sjóðsins vegna vinnu starfsmanna hans. Í lok árs voru enn útistandandi tekjur vegna ESB verkefna sem lauk á árinu en koma til tekna árið 2015.

Ég vil þakka stjórnarmönnum, Valdísi Steingrímsdóttur, verkefnisstjóra Starfsafls og hinum ýmsu samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári.

Reykjavík, í september 2015,

Sveinn Aðalsteinsson  
framkvæmdastjóri



## 2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2014. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir.

### 2.1. Einstaklingsstyrkir


Á árinu 2014 voru veittir alls 2.729 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa verið veittir fleiri einstaklingsstyrkir. Það er um 8% aukning á fjölda miðað við 2013 sem aftur var metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega aðeins minna, úr 94,0 m.kr. árið 2013 í 100,2 m.kr árið 2014 eða 7% hækkun (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fækkaði um 3% en heildarupphæð hækkaði 11%. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði verulega umfram verðlagsbreytingar milli ára eða um 14%.

**Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2013 og 2014.**

	2013	2014	% breyting frá 2013
Fjöldi styrkja alls	2.533	2.729	+8%
Upphæð styrkja alls	94,0 m.kr.	100,2 m.kr.	+7%
Meðalupphæð styrks	37.111 kr.	36.734 kr.	-1%
Fjöldi íslenskustyrkja	791	762	-3%
Upphæð íslenskustyrkja alls	19,5 m.kr.	21,5 m.kr.	+11%
Meðalupphæð íslenskustyrks	24.652 kr.	28.257 kr.	+14%

Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2014, en aldrei er þó styrkt meira en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum iðgjalda en fullur styrkur miðast við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Upphæð styrkupphæðar hefur verið óbreytt í nokkur ár en kostnaður við nám hefur sífellt aukist. Einnig er meira um að félagsmenn fari í lengra nám t.d. framhaldsskólanám og háskólanám. Upphæð uppsafnaðs þriggja ára einstaklingsstyrk var hækkuð í 180.000 kr fyrir nokkrum árum en hefur lítið haft að segja í útgjöldum sjóðsins þar sem slíkir styrkir eru innan við 20 á ári.


## Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrk 2013 og 2014



Mynd 1. Hlutfallslegur fjöldi einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2013 og 2014 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 28% allra styrkja (Mynd 1), minnkun miðað við 2013 (31%). Enn er stöðug eftirspurn eftir íslenskunámi. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 21% (Mynd 2), sem er nánast sama hlutfall og árið 2013. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 6% af heildarfjölda (sami og 2013) og hlutfallslegur kostnaður 13% sem er lægra en 2013 (16%). Fjöldi styrkja og hlutfallslegur kostnaður vegna náms í formlega skólakerfinu er heldur meiri en áður eða 44% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) en var 42% árið 2013 (Mynd 1 og 2). Styrkir til háskólanáms hafa aukist aðeins en eru svipaðir og áður til framhaldsskólanáms. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

## Hlutfallsl. kostnaður við einstaklingsstyrki 2013 og 2014



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2013 og 2014 á nám.


## Aldur styrkþega árið 2014



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting styrkþega 2014 eftir aldri.

Styrkþegar Starfsafls eru að mestu leyti ungt fólk. Um 70% styrkþega eru innan við 40 ára (Mynd 3). Markhópur einstaklingsstyrkja er því ungur og kynningarstarf sjóðsins miðast við þá staðreynd.

## Fjöldi styrkþega eftir upprunalandi árið 2014



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting fjölda einstaklingsstyrkja 2014 eftir þjóðerni umsækjenda.

Íslendingar voru helmingur (50%) styrkþega árið 2014, hlutfallslega aðeins fleiri en 2013 (45%). Auk íslendinga voru pólværjar áberandi meðal styrkþega, 24% árið 2014, svipað og árið áður. Þar á eftir koma litháar, víetnamar, taílandingar og filippseyingar, 1 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

### 2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls bárust 126 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2014 sem er veruleg aukning frá því árið áður (Tafla 2). Af þeim vour tvær umsóknir dregnar tilbaka og 8 hafnað. Veitt voru 116 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2014 sem er um 57% fjölgun frá 2013. Greiddir voru alls út 101 styrkur til fyrirtækja (40% fleiri en 2013) að upphæð um 16,3 m.kr. Heildarupphæð verkefnastyrkja 2014 var þó lægri en árið 2013, 27,1 m.kr eða 17% lægri sem skýrist af mun lægri útgreiðslu ESB styrkja. Aukin spurn eftir fyrirtækjastyrkjum er mjög ánægjuleg og verður lagt allt kapp á að gera enn betur árið 2015.

Meðaltal styrkuppþæða til fyrirtækja lækkaði frá 2013, er nú um 162 þús. kr.

**Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2013 og 2014.**


	2013	2014	% breyting frá 2013
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	75	128	+71%
Samþykkt styrkloforð	74	116	+57%
Fjöldi greiddra styrkja alls	72	101	+40%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	14,9 m.kr	16,3 m.kr	+9,7%
Meðalupphæð fyrirtækjastyrks	206.944 kr	161.807 kr	-22%
<i>Íslenskustyrkir til fyrirtækja</i>	<i>1,0 m.kr</i>	<i>1,1 m.kr</i>	
<i>Fræðslustjóráverkefni</i>	<i>3,8 m.kr</i>	<i>0,7 m.kr</i>	
Evrópuverkefni	16,1 m.kr	9,8 m.kr	-39%
Aðrir styrkir	0,6 m.kr.	0,4 m.kr	
Upphæð verkefnastyrkja alls	32,5 m.kr	27,1 m.kr	-17%

Sífelld fleiri félagsmenn njóta fræðslu af einhverju tagi með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru alls um 3.274 árið 2014 á móti 2.551 árið 2013 sem er 28% aukning. Þegar við bætast 2.729 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins, eða alls 6003 félagsmenn. Þetta er um þriðjungur þeirra félagsmanna sem greitt er af til sjóðsins. En betur má ef duga skal.

Starfsafl hefur undanfarin ár, meðan hallarekstur var viðvarandi, meðvitað forgangsraðað fræðslustyrkjum á kostnað annarra verkefna t.d. á sviði námsefnisgerðar. Það hefur verið mat stjórnar að á meðan sjóðurinn var rekinn með halla þá hefðu beinir fræðslustyrkir til fyrirtækja og einstaklinga forgang. Árið 2014 var sjóðurinn rekinn með hagnaði og má það þakka auknu hlutfalli starfsmenntagjalds sem samið var um í kjarasamningum 2013. Gjaldið hækkaði úr 0,2% í 0,3% í ársbyrjun 2014. Hluti þeirrar hækkunar hefur verið tekinn frá vegna kynningar- og vefgáttarverkefna sem ráðist verður í árið 2015-2016 í samræmi við bókun kjarasamninga. En það er ljóst að svigrúm sjóðsins til þróunarverkefna, t.d. námsefnisgerðar og stóraukinna fyrirtækjastyrkja af ýmsu tagi, hefur aukist.




## Hlutfallslegur kostnaður við styrki



Mynd 5. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2013 og 2014, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Hlutfallslegur kostnaður verkefna sveiflast, eins og verið hefur, milli verkefna. Fræðslustjóraverkefnið dróst saman í kostnaði, vegna aðkomu annarra sjóða, en fjöldi verkefna var svipaður. Eigin fræðsla fyrirtækja jókst verulega enda hafa sum fyrirtæki formgert sína fræðslu í formi fyrirtækjaskóla. Það er spennandi þróun sem Starfsafl mun styðja áfram. Að öðru leyti eru ekki umtalsverðar sveiflur milli verkefna.

## Hlutfallslegur kostnaður eftir atvinnugreinum



Mynd 6. Samanburður á hlutfallslegum upphæðum styrkja til fyrirtækja árin 2013 og 2014, flokkað eftir atvinnugreinum.

Styrkir til mismunandi atvinnugreina voru nokkuð mismunandi, ræstinga- og öryggisfyrirtæki lögðu mikið fé í eigin fræðslu og voru styrkt af sjóðnum (Mynd 6., önnur þjónusta). Það skýrir að miklu leyti þennan mun milli atvinnugreina milli ára.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna árið 2014 (Tafla 3).

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2014.

Umsækjandi	Verkefni	Samstarf
Actavis Group	Lyfjagerðaskólinn	Framvegis
Airport Associates	Stjórnandanámskeið	MSS
Alp/Avis hf.	Íslenska	MSS
Bílaleiga Flugleiða Hertz	Þjónustunámskeið	Gerum betur ehf
Centerhotels	Færni í ferðaþj.	Mímir
Farfluglar	Meðferð matvæla	Matis
Hagvagnar	Öryggisnámskeið	Hlynur Höskuldsson
Hallgerður ehf.	Móttaka nýliða	Endurmenntun HÍ
Hlaðbær Colas	ADR námskeið	Vinnueftirlitið
Hreint	Vistakstur	Marteinn Guðmundsson
IGS	Vinnuvélanámskeið	Vinnueftirlitið
Íslandshotel	Þjónustunámskeið	Gerum betur ehf
Íslenska Gámafélagið	Meirapróf	Ökuskólinn Mjódd
Kaffitár	Eigin fræðsla 2014	Eigin leiðbeinendur
Katla	HACCAP	Sýni ehf
KFC ehf.	Meðferð matvæla	Sýni ehf
Kjörís	Hreinlætisnámskeið	Sýni ehf
Kopar restaurant	Fræðslustjóri að láni	Mímir og IÐAN
KTF	Brýning á hnífum	IÐAN
Kynnisferðir	Skyndihjálp	Heilsuvernd
Miklatorg Ikea	Íslenska	Betri árangur ehf
Nesfiskur	Fiskvinnsla	MSS
Olíuverslun Íslands	Vaktstjóranámskeið	Thomas Möller
Pústþjónustan BJB	Fræðslustjóri að láni	Sigrir ehf
Rio Tinto Alcan	Skyndihjálp	Ólafur Ingi Grettisson
Samskip	Samskipsskólinn	Ýmsir
Securitas	Eigin fræðsla	Eigin leiðbeinendur
Sólar ehf.	Sólarskólinn	Eigin leiðbeinendur
Specialtours ehf	Öryggisfræðsla	Landsbjörg
Subway	Líðsheild	Jóhann Ingi Gunnarsson
Te og Kaffi	Starfsmannasamtöl	RM ráðgjöf
Vökvatengi ehf.	Vökvatækni farartækja	IÐAN
Actavis Group	Lyfjagerðaskólinn	Framvegis
Airport Associates	Stjórnandanámskeið	MSS

## Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna stéttarfélaganna. Þar eru nefnd dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburðir) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafli. Það hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Framkvæmdastjóri hefur verið með innlegg á fundum SA um starfsmenntamál. Það hefur oft skilað sér í fyrirspurnum og umsóknum til sjóðsins ásamt mikilvægum tengslum við stjórnendur.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja með reglulegu millibili. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavinum á þjónustu sjóðsins.
- Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja til hins betra. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



Frá kynningarfundi í september 2014 sem Samtök atvinnulífsins héldu um fræðslusjóðina og þjónustu þeirra. Framkvæmdastjóri flutti erindi á fundinum.



Frá undirritun samninga um Fræðslustjóra að láni til ÍAV í apríl 2014, f.v. Sólveig Snæbjörnsdóttir (SVS), Áslaug Björt Guðmundsdóttir (Attentus), Árný Elíasdóttir (Attentus), Valdís Steingrímsdóttir (Starfsafli), Dagmar Viðarsdóttir (ÍAV), Ólafur Ástgeirsson (ÍÐAN) og Eyjólfur Guðmundsson (Landsmenn). Á myndina vantar fulltrúa Rafiðnaðarskólans, Stefán Sveinsson.

### 3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2014.

#### Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 15 stjórnarfundir á árinu 2014. Í stjórn sátu:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefningaraðili</i>	<i>Annað</i>
Dagmar Viðarsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Til ágúst 2014
Fjóla Jónsdóttir	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Frá september 2014 Stjórnarformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Jóhann R. Kristjánsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	



*Atli Lýðsson, fráfarandi  
stjórnarmaður  
Starfsafls*



*Fjóla Jónsdóttir tók  
sæti Atla sem  
stjórnarmaður*

Úr stjórn gekk Atli Lýðsson, sem hefur setið í stjórn síðan 2006. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir frábært starf. Fjóla Jónsdóttir, fræðslustjóri Eflingar, tók sæti hans og er hún boðin velkomin til starfa fyrir sjóðinn. Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fá stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, [www.starfsafl.is](http://www.starfsafl.is).

#### *Aðrar heimsóknir*

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ymist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

*Kynningarefni*

Unnið var að gerð kynningarmyndbands fyrir sjóðinn og var Kaja Studios fengið til verksins. Gert er ráð fyrir að myndbandið verði tilbúið fyrir nýja vefsíðu sjóðsins í byrjun árs 2015. Jafnframt er myndbandið hugsað til kynningar á sjóðnum á fundum með stjórnendum og öðrum. Jafnframt var unnið að nýrri vefsíðu sjóðsins og lögð áhersla á að hún yrði vel tæk fyrir snjalltæki (spjaldtölvur og snjallsíma).



*Skjáskot af kynningarmyndbandi sjóðsins sem var gert 2014.*

Í mars var opnuð Facebook-síða Starfsafls og er henni ætlað að styðja við vefsíðu sjóðsins.

**Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki***Eigin fræðsla fyrirtækja*

Starfsafl þróaði nýja gerð styrkja árið 2009 sem felst í því að styrkja fyrirtæki við eigin fræðslu þ.e. þegar leiðbeinendur eru sóttir innan fyrirtækisins. Þessi leið hefur vaxið á undanförunum árum og alveg sérstaklega á árinu 2014 sbr. Mynd 5 bls. 8. Mörg fyrirtæki hafa lagt fé og tíma í að þróa eigin fræðsluleiðir, jafnvel sérstaka skóla, fyrir starfsmenn sína, sem getur verið blanda af utanaðkomandi og eigin fræðslu. Þetta er athyglisverð þróun sem sjóðurinn mun fylgjast vel með og styðja enn frekar á næstu árum.



*Frá undirritun samninga um eigin fræðslu við Kaffitár ehf í mars 2014.*

### Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur um árabíl verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SA og VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Árið 2014 gekk IÐAN fræðslusetur til liðs við verkefnið, sem er mikill fengur fyrir verkefnið. Árið 2014 var áfam unnið með eða án aðkomu annarra sjóða í að koma verkefninu á í ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Attentus – mannauður og ráðgjöf, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og RM ráðgjöf, þá bættist Mímir símenntun og Sigrir ehf við sem ráðgjafar. Í lok árs 2014 réðust starfsmenn sjóðsins í það verkefni að taka viðtöl við stjórnendur og fyrirtæki sem hafa notið þessarar þjónustu. Þessi úttekt var mjög gagnleg fyrir sjóðinn og margar ábendingar komu fram um það sem betur má fara. Ráðist var í ýmsar endurbætur til að bæta verkefnið og verður unnið að því áfram.




Við undirritun samninga um Fræðslustjóra að láni Þústþjónustu BJB í okt. 2014. BJB er um 20 manna bílaþjónustufyrirtæki í Hafnarfirði, f.v. Piero Segatta, framkvæmdastjóri BJB og Helena Jónsdóttir, ráðgjafi Sigrir.

### Þáttaka í Evrópuverkefnum

#### Yfirfærsluverkefni „Fræðslustjóri að láni“

Starfsafl undirritaði haustið 2011 samning um styrk frá ESB í Leonardo menntaáætluninni vegna útflutnings á verkefninu "Fræðslustjóri að láni". Verkefnið var til tveggja ára og snýst um að flytja út hugmyndafræði "Fræðslustjóra að láni" til Austurríkis og Spánar. Styrkurinn nam um 194.000 evrum og þar af voru 53.500 evrur (ca 8,7 mkr) eyrnamerktar Starfsafl, sem var verkefnisstjóri.

Verkefnið *T-Planner (Training Planner) for SMEs* eða Fræðslustjóri fyrir smáfyrirtæki miðar að því að flytja út hugmynd sem þróuð hefur verið á Íslandi sbr. umfjöllun hér að ofan um verkefnið. Verkefnastyrkurinn hefur verið notaður til að þjálfa ráðgjafa á þessu sviði í Vín í Austurríki og í Bilbao á Spáni og handbók fyrir ráðgjafa kom út vorið 2014, á 4 tungumálum, íslensku, þýsku, spænsku og



Forsíða handbókar sem gerð var í verkefninu T-Planner.

ensku. Af því tilefni var haldið útgáfuhóf á vegum Starfsafls og Attentus í maí 2014 sem var vel sótt og ánægjulegt.

Samstarfsaðilar verkefnisins voru, auk sjóðsins, Attentus mannauður og ráðgjöf ehf., BEST Training and Consultancy í Vín og FF Euskadi í Bilbao á Spáni. Starfsafl og Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. hafa yfir margra ára reynslu í þróun hugmyndafræðinnar á bak við Fræðslustjóra að láni í yfir 100 fyrirtækjum með um 10.000 starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum. BEST og FF Euskadi eru þekkt símenntunarfyrirtæki á sínu starfssvæði og með mikla reynslu af alþjóðlegum verkefnum.

Niðurstöður verkefnisins eru m.a. heimasíða, áður nefnd handbók fyrir ráðgjafa og þróun og kennsla námskeiðs fyrir ráðgjafa auk tilraunaverkefna meðal smáfyrirtækja í Austurríki og á Spáni. Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur verið þróað enn frekar hér á landi með tilstuðlan verkefnisins og verið gert enn betra.

#### *Yfirfærsluverkefnið NordGreen EQF*

Árið 2013 fékk Starfsafl ásamt samstarfsaðilum á öllum Norðurlöndunum styrk frá Leonardo áætlun ESB til verkefnisins *NordGreen EQF*. Verkefnið er samvinna allra Norðurlandanna og miðast að því að skrifa námskrá, byggt á námshlutum (módúlum) og námsbók í skrudgarðyrkju sem henti bæði formlega og óformlega skólakerfinu. Árið 2014 var unnið að gerð námskrár og hæfnisviðmiða. Námskráin er nú tilbúin ásamt hæfniviðmiðum og vinna við gerð námsbókar, sem á að henta jafnt fyrir formlega sem óformlega skólakerfið, er í gangi. Vonir standa til að námskráin og ferlið við gerð hennar hafi yfirfærslugildi varðandi annað iðnnám og geti því hentað markhópi Starfsafls vel. Styrkurinn nemur 188.000 evrum (um 30 m.kr.) og er hlutur Starfsafls um 28.300 evrur (4,5 m.kr.). Verkefninu lýkur haustið 2015.



*Frá kynningu á NordGreen verkefninu á ráðstefnu í Kaupmannahöfn haustið 2014.*



## 4. Vinnufundur stjórnar 2014

Þann 12. nóvember 2014 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls árlegan vinnu- og stefnumótunarfund.

Góðar umræður urðu um formlega og óformlega skólakerfið og samvinnu þeirra í að auka menntunarstig í atvinnulífinu. Berjast yrði fyrir að fleiri tegundir náms væru einingabærar eða viðurkenndar formlega sem færni. Umræður urðu nýtingu EQF rammans í óformlega mentakerfinu og sú nýting talin vænleg til árangurs. Upplýst var um vinnu sem væri í gangi hjá Starfsgreinaráðum um yfirfærslu starfsnáms í EQF rammann. Bent var á þörf fyrir utanumhald og yfirsýn, jafnvel væri þörf á „hvítbók“ fyrir óformlega kerfið.

Samantekið var niðurstaða umræðunnar eftirfarandi:

- Þörf er á aðlaðandi framhaldsskólakerfi með virðingu fyrir starfs- og iðnnámi.
- Fræðslustjóráverkefnið getur leitt til fyrirtækjaskóla sem ættu að vera gæðavottaðir.
- Hlutauppbygging (modular) náms, vottaðar (og einingabærar) námsleiðir og raunfærnimat sem leiðir til formgerðar starfsreynslu.
- Raunfærnimat er ein árangurríkasta leiðin í átt til 90-20 markmiðsins – en ekki næg, jafnvel ekki með öðrum núverandi úrræðum.
- Ef árangur á að nást þarf viðbótarlausnir:
- Vottun og formgerð allrar starfsreynslu, ekki bara í þeim störfum sem tengjast iðngreinum. Metin til eininga.
- Víðtækt skipulag hlutanáms.
- Þrepaskipt nám í iðngreinum.

Allar þessar aðgerðir krefjast víðtæks samstarfs skólakerfis, ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Sjóðurinn mun gera sitt til að koma þessum markmiðum í framkvæmd.

Ennfremur var rædd bókun aðila vinnumarkaðarins í síðustu kjarasamningum þar sem hluti hækkunar starfsmenntaiðgjalds verður eyrnamerktur kynningarátaki á starfsmenntakerfinu og nýrri sameiginlegri vefgátt sjóða og fræðslusetra fyrir umsóknir fyrirtækja.

Rætt var um hækkun einstaklingsstyrkja og samþykkt að hafa samflot við Landsmennt við frekari ákvarðanir.

Jafnframt voru rædd ýmis álitamál við afgreiðslu styrkja og samþykkt að félagsmenn héldu réttindum sínum í 3 mánuði eftir að greiðslu iðgjalds af þeim lýkur.

## 5. Starfsáætlun Starfsafls 2015

Á vinnufundi stjórnar í nóvember 2014 var farið yfir niðurstöður ársins 2014, eftir því sem unnt var, og lagðar línur fyrir starfið 2015 í ljósi umræðna á fundinum og undirbúnings fyrir hann.

Verkefni:

- Verkefni:* Kynningarátak.  
*Leiðir:* Ný vefsíða, kynningarmyndband og samstarf við aðra sjóði um sérstakt kynningarátak í samræmi við bókun kjarasamninga.  
*Ábyrgð:* Starfsmenn Starfsafls  
*Tímarammi:* 2015 - 2016
- Verkefni:* Aukin einföldun umsóknarferlis fyrirtækja  
*Leiðir:* T.d. með sameiginlegri vefgátt. Lögð verði áhersla á frekari samræmingu styrkjaúthlutuna til fyrirtækja.  
*Ábyrgð:* Starfsmenn Starfsafls  
*Tímarammi:* 2015 - 2016
- Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að auka þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.  
*Leiðir:* Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunar-áætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn).  
*Ábyrgð:* Starfsmenn Starfsafls  
*Tímarammi:* Stöðug virkni allt árið 2015
- Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.  
*Leiðir:* Fylgst verður náið með verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt á þessu sviði og gerð úttekt á þeim í samráði við fyrirtækin.  
*Ábyrgð:* Starfsmenn Starfsafls.  
*Tímarammi:* 2015 - 2017

## 6. Fjárhagur Starfsafls

### 6.1 Rekstur 2014 – nokkrar lykiltölur

Sem fyrr segir var Starfsafl rekið með hagnaði (36,5 m.kr) árið 2014 sem þakka má hækkuðu starfsmenntagjaldi sem kom til framkvæmda í byrjun ársins.

Tekjur sjóðsins (tekjur og fjármagnstekjur) árið 2014 voru 189,5 m.kr. (2013: 149,7 m.kr), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 153,0 m.kr (2013: 149,1 m.kr.) og eigið fé jókst því um 36,5 m.kr (2013: aukning um 0,6 m.kr.) Eigið fé sjóðsins í árslok var 168,7 m.kr (2013: 132,2 m.kr.). Raunávöxtun varð á eigin fé sjóðsins (2,4%).

### 6.2 Rekstraráætlun 2015 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir 5% hærri tekjum af starfsmenntagjaldi einkum vegna launahækkana og aukinnar atvinnu. Eins og venjulega ríkir nokkur óvissa um spurn eftir styrkjum og eins með ávöxtun sjóðsins. Gert er ráð fyrir aðeins minni aukningu í einstaklingsstyrkjum en síðasta ár (2014) í ljósi niðurstaðna fyrstu 6 mánaða ársins 2015. Gert er ráð fyrir að eyða mun meira í kynningarstarf á árinu 2015 en oft áður, einkum gagnvart fyrirtækjum, í samræmi við bókun aðila vinnumarkaðarins. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2014.

Áætlaðar tekjur ársins 2015:

- Framlög stéttarfélag (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,3% (+5%)	174.141 þús kr
- Aðrir styrkir (ESB styrkir, -50%)	5.412 þús kr
- Vaxtatekjur (+85%)	<u>10.702 þús kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun (+4%):	197.255 þús kr

Áætluð útgjöld 2015:

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (+6%)	26.807 þús kr
- Kynningarátak gagnvart fyrirtækjum	4.200 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (+13%)	113.643 þús kr
- ESB verkefni (-50%)	4.922 þús kr
- Fyrirtækjastyrkir (+25%)	<u>21.656 þús kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+12%):	171.229 þús kr

Tekjur umfram gjöld: 26.028 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2015: 194.683 þús kr

<i>Kostnaður við styrkkrónu 2006:</i>	<i>0,59 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2007:</i>	<i>0,42 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2008:</i>	<i>0,34 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2009:</i>	<i>0,23 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2010:</i>	<i>0,24 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2011:</i>	<i>0,27 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2012:</i>	<i>0,21 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2013:</i>	<i>0,18 kr</i>
<i>Kostnaður við styrkkrónu 2014:</i>	<i>0,20 kr</i>